

**Ed.**

**252. Nefndarálit**

[96. mál]

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 107 30. des. 1978, um sérstakt tímabundið vörugjald, með áorðnum breytingum.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Tímabundið vörugjald var hækkað haustið 1979, í tíð vinstri stjórnar Ólafs Jóhannessonar, í aðalatriðum úr 18% í 24%. Hér er því á ferðinni hluti þeirra geigvænlegu skattahækkana sem vinstri stjórnin og núverandi ríkisstjórn bera ábyrgð á. Þessi hækkun ein leggur 107 millj. nýkróna (10.7 milljarða g.kr.) á almenning á árinu 1982. Allir nýir skattar og skattahækkunar á ábyrgð þessara ríkisstjórna frá hausti 1978 auka álögur á almenning sem nemur 931 millj. nýkróna (93.1 milljarði g.kr.) á næsta ári, sbr. nefndarálit sjálfstæðismanna með frv. til fjárlaga. Þetta jafngildir 20 þús. kr. viðbótarálögum beinna og óbeinna skatta á hverja 5 manna fjölskyldu á árinu 1982 (2 millj. g.kr.). Þessu til viðbótar var fyrir skömmu heimiluð hækkun útsvara til sveitarfélaga. Áætla má, að sú skattahækkun nemi 150 millj. kr. á næsta ári. Á sama tíma hafa þjóðartekjur á mann nánast staðið í stað og kaupmáttur taxtakaups og ellilífeyris minnkað um allt að 10%.

Þeirri stefnu í skatta- og efnahagsmálum, sem hefur þrengt svo að almenningi í góðæri, erum við andvígir og leggjum til að frv. verði fellt.

Alþingi, 18. des. 1981.

Ey. Kon. Jónsson,  
frsm.

Lárus Jónsson.